

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Ríkisútvarp nr. 260 1. nóvember 1972,
sbr. reglugerð nr. 431 15. ágúst 1980.

1. gr.

1. mgr. 24. gr. orðist svo:

Innheimta skal árlegt afnotagjald Ríkisútvarpsins hjá þeim, sem hagnýta sér útsendingar þess. Gjald þetta skal greiða af hverju sjónvarpsviðtæki og vera mismunandi hátt eftir því hvort tæki er gert fyrir móttöku sjónvarps í lit eða eingöngu í svart/hvítu. Þó skal aðeins greiða afnotagjald af einu sjónvarpsviðtæki á hverju heimili eins og það er skýgreint í 1. tl. 1. mgr. 25. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í útvarpslögum nr. 19 5. apríl 1971 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 13. október 1983.

Ragnhildur Helgadóttir.

Knútur Hallsson.

SAMÞYKKT

um hundahald í lögsagnarumdæmi Bolungarvíkur.

1. gr.

Hundahald er bannað í lögsagnarumdæmi Bolungarvíkur.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita undanþágur frá banni við hundahaldi:

- a) Ef eigandi lögbýlis sækir um leyfi til að halda hund vegna búreksturs.
- b) Ef lögreglustjóri og/eða hjálparsveitir sækja um að halda hund vegna gæslu- og/eða björgunarstarfa.
- c) Ef blindir menn sækja um leyfi til að halda hund sér til leiðsagnar.
- d) Ef minkaveiðimaður, sem starfar fyrir bæjarfélagið sækir um leyfi til að halda minkaveiðihund sér til aðstoðar í því starfi.

3. gr.

Undanþágur skv. 2. gr. má aðeins veita með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður hjá heilbrigðisnefnd og merktur á þann hátt sem hún ákveður.
- b) Að minkaveiðihundur sé ávallt í öruggri gæslu.
- c) Að hundeigandi hafi hund sinn ábyrgðartrygðan hjá viðurkenndu váttryggingafélagi. Váttryggingin skal ná til alls þess tjóns, er dýr hans kynni að valda á mönnum og munum.